

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1704**  
**komudagur 7.3.2008**

**Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis**  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.



Skorradal, 6. mars 2008

**Efni: Umsögn Skorradalshrepps um þskj. 614 – 372. mál „Frumvarp til laga um frístundabyggð“ á 135. löggjafarþingi 2007-2008.**

Á fundi í hreppsnefnd Skorradalshrepps í dag var samþykkt að senda meðfylgjandi umsögn um þskj. 614 – 372. mál „Frumvarp til laga um frístundabyggð“

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti einnig að óska eftir að fá eiga fund með nefndinni til að fara í betri útskýringar og umræður á málinu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hreppsnefndar Skorradalshrepps

  
Davíð Pétursson, oddviti  


Meðfylgjandi:  
Umsögn Skorradalshrepps dags. 6. mars 2008

Afrit:  
Samband íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30, 108 Reykjavík  
Samband sveitarfélaga á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnesi

---

**SKORRADALSHREPPUR**

Grund, Skorradal  
311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155  
Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

**Umsögn Skorradalshrepps um þskj. 614 – 372. mál „Frumvarp til laga um frístundabyggð“ á 135. löggjafarþingi 2007-2008.**

Á allra síðustu árum hafa ítrekað borist fréttir úr Skorradal þar sem fram hefur komið að ósætti væri milli sumarhúsaeygenda og einstaka landeigenda. Mun þetta einkum eiga við í Dagverðarnesi, í kjölfar eigendaskipta á jörðinni, þar sem fréttir berast af því að leigutökum sumarhúsalóða hafi verið settir þeir afarkostir við lok tímabundinna leigusamninga að annað hvort kaupa lóðina, ella flytja hús sitt annað.

Skorradalshreppur sér ástæðu til að benda á að leiga á lóðum undir sumarhús hefur tíðkast á jörðum í Skorradal allt frá árinu 1963 og hefur sá mikli fjöldi gesta sem dvalist hefur í dalnum, alla jafna verið í góðri sátt við bændur og landeigendur viðkomandi jarða. Það er því mjög miður að einstaka deilumál sem upp hafa komið á allra síðustu árum skuli kalla á íþyngjandi lagasetningu um réttarsamband leigutaka og leigusala lóða undir frístundahús.

**Almennt um frumvarpið**

Ljóst er að eitt helsta markmið frumvarpsins sem hér um ræðir er „að tryggja leigutaka lóðar, þar sem frístundahús stendur, rétt til að framlengja leigusamning að leigutíma loknum“ eins og írekað kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Auk þess er frumvarpinu ætlað að „setja almennar reglur um félög í frístundabyggð“ og koma þannig á móts við óskir um að „lögfestar verði svipaðar reglur til lausnar ágreiningi og eru í lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994“ sbr. III. kafla frumvarpsins.

Skorradalshreppur sér ekki ástæðu til að fjalla efnislega um III. hluta frumvarpsins sem lýtur að *innbyrðis* samskiptum sumarhúsaeygenda, en vill benda á að þar sem fjallað er í greinargerð um nauðsyn lagasetningar, virðist gert ráð fyrir að *skylduaðild að félagi* nái „bæði til þeirra sem eiga eða leigja lóðir...“ Hins vegar verður *hvorki* augljóslega skilið af heiti frumvarpsins, né af 1. mgr. 1.gr. um gildissvið frumvarpsins, eða af 28. gr. sem fjallar um gildistöku laganna *sem heildar*, að III. kf. laganna nái *jafnt* til einstaka lóðareigenda sem og leigutaka lóða í frístundabyggð. Í 6.tl. 2.gr. er orðasambandið „umráðamaður lóðar undir frístundahús“ hins vegar skilgreint svo rúmt að *túlka má* allar greinar III. kafla, sem og umfjöllun um „aðila“ í

---

**SKORRADALSHREPPUR**

Grund, Skorradal  
311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155  
Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

IV. kafla, þannig að um sé að ræða *bæði* eigendur og leigutaka lóða undir frístundahús. Virðast þetta gert til að koma á móts við hugmyndir starfshóps ráðherra frá 2006 um að settar verði „reglur um innbyrðis samskipti eigenda frístundahúsa“, samanber skýringu í V.1. hl. greinargerðarinnar sem fjallar um meginefni frumvarpsins. Þetta kemur og fram í síðustu mgr. I. hl. greinargerðarinnar þar sem vísað er í að hugmyndir starfshópsins um „innbyrðis réttindi og skyldur umráðamanna lóða í frístundabyggð voru að mestu látnar halda sér“ við samningu þessa frumvarps og einnig í lokamálsgrein III hl. þar sem skýrð er eiginleg tvískipting frumvarpsins í (a)samskipti leigusala og leigutaka, (b)innbyrðis samskipti „umráðamanna“. Telur Skorradalshreppur að orðalag frumvarpsins sé *ekki nógu skýrt* hvað þetta varðar og mælist til þess að bætt verði úr, *ef* það er niðurstaða löggjafans að umrætt frumvarp skuli ná *bæði* til leigutaka og eigenda frístundalóða að því er varðar III. kafla frumvarpsins um skylduaðild að félagi, en *skylduaðild* þarf að byggja á þeim lögmætu markmiðum að um *almannaheill* sé að ræða. Skorradalshreppur tekur ekki afstöðu til þess hvort slíkt eigi við um aðild lóðaeigenda að hagsmunasamtökum í frístundabyggðum, en vill benda á þá erfiðu stöðu sem upp kemur þegar jarðareigandi, sem jafnframt er eigandi stakra óseldra lóða verður sem „umráðamaður“ skyldaður skv. 15 gr. frumvarpsins til að eiga aðild að hagsmunafélagi sem þarf að geta beitt sér sem gagnaðili jarðareiganda.

Þá vill Skorradalshreppur ítreka það sem lagt var fram sem „punktar“ á fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps ásamt fulltrúa Hvalfjarðarsveitar með samráðshópi félagsmálaráðherra 1. febrúar 2007 og eru sem fylgiskjal með umsögn þessari, en þar er lýst áhyggjum af því að þáverandi frumvarpsdrög taki m.a. ekki á þeirri breytingu sem varð með jarðalögum nr. 81/2004 þar sem mjög rúmar heimildir jarðareigenda til að ráðstafa eign sinni hafa haft það í för með sér að jarðir eru keyptar af aðilum sem hafa það meginmarkmið að hagnast með skjótfengnum hætti. Sveitarfélag getur ekki haft neitt við slíkt að athuga í sjálfu sér, en *framkvæmdin* hefur verið með þeim hætti að jarðir eru bútaðar í smáeiningar sem síðan eru seldar frá jörðinni sem stakar lóðir, oftast í frístundabyggð. Oft er um að ræða land sem ekki er fyrirséð að nýtist til hefðbundins landbúnaðar eða matvælaframleiðslu og því eru skikar, en stundum heilar jarðir teknar úr landbúnaðarnotum. Þar með tapa fornar bújarðir miklu af

---

#### SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

möguleikum sínum til að standa undir matvælaframleiðslu eða því sem almennt er talið til landbúnaðar, auk þess sem þær *tapa sjálfbærni sinni* þegar búið er að selja stóran hluta landsins undan jörðinni til margra aðila.

Við þessar breyttu aðstæður breytist *eðli* sveitarfélagsins smám saman og fer að líkjast þéttbýli með ýmsum vandamálum sem því fylgja, án þess að falla undir skilgreiningu þéttbýlis samkvæmt lögum. Af þessu skapast ýmis vandamál sem þyrfti að taka á með *heildstæðri löggjöf* m.a. um réttarstöðu lóðareigenda í frístundabyggðum gagnvart sveitarfélögum, t.d. með því að endurskilgreina eiginleika „þéttbýlis“ vs. „frístundabyggð“. Fjöldmörg atriði þyrfti þá að skoða sem snúa að hagsmunum sveitarfélaga. Þau verða ekki tíunduð hér, heldur vill Skorradalshreppur ítreka áður fram komin sjónarmið sín um að *heppilegast* væri að vinna heildstæða löggjöf um ráðstöfun lands undir frístundabyggð og réttarsamband aðila sem leiðir af þeirri ráðstöfun, í samhengi jarðalaga, skipulags- og byggingarlaga o.fl. laga.

#### Um einstaka greinar í I., II., og IV. kafla.

##### I. 1.gr. Gildissvið

Lagt er til að greinin verði endurorðuð svohljóðandi:

*Lög þessi gilda um:*

- a) *réttarstöðu leigusala og leigutaka í frístundabyggð í kafla II.*
- b) *innbyrðis réttindi og skyldur leigutaka og lóðareigenda í frístundabyggð í kafla III*
- c) *ýmis ákvæði í kafla IV.*

*Ákvæði III kafla laga þessara eru ófrávíkjanleg.*

##### Rök fyrir breytingunni:

Það þarf að vera skýrt um *hvaða atriði* lögin fjalla um, þar sem þau eru t.d. ekki um kaup og sölu lóða í frístundabyggð.

Þá þarf að vera skýrt *hvaða atriði* eru ófrávíkjanleg, en skv. skýringum við 1. gr. í greinargerð er átt við að menn geti ekki samið sig frá því að vera í félagi.

Ekki verður séð að gild rök séu fyrir stærðarviðmiðinu 2ha og því heppilegast að sleppa slíku viðmiði.

---

#### SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal  
311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

#### **4. gr. Orðsendingar**

Lagt er til að greinin verði endurorðuð (bætt við og felld út) svohljóðandi:

*Orðsendingar er varða 10., 11. og 13. gr laga þessara þurfa að vera skriflegar og sendar með ábyrgðarbréfi í pósti innan þeirra tímamarka eða fresta sem mælt er fyrir um ef því er að skipta. Sé þess gætt hefur orðsendingin þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa, jafnvel þótt hún komi afbökðuð, of seint eða alls ekki til viðtakanda.*

*Aðilar geta samið um að senda megi orðsendingar skv. 1. mgr. á rafrænu formi.*

#### Rök fyrir breytingunni:

Felldur er út upphafstextinn „Þurfi aðili leigusamnings vegna fyrirmæla þessa kafla að koma á framfæri við gagnaðila skriflegri orðsendingu, hverju nafni sem hún nefnist, skal hún send með sannanlegum og tryggilegum hætti og“. Skýrara þykir að vísa í þær greinar laganna sem skapa réttaráhrif og vísa í *ábyrgðarbréfi* stað þess að tala um „með sannanlegum...“

#### **8. gr. Framleiga og framsal.**

Lagt er til að greinin verði endurorðuð (bætt við og felld út) svohljóðandi:

Framleiga og framsal leiguréttinda á lóð undir fristundahús er leigutaka heimil *með* samþykki leigusala.

#### Rök fyrir breytingunni

Ekki er fallist á þau rök að af „eðli hins leigða“ leiði að leigutakar geti framleigt leigusamning án samþykkis leigusala. Er tekið undir þau orð í leiðara Bændablaðsins að hér sé um „aðför að eignum bænda að ræða“, og *fullkomlega óeðlilegt* að leigutakar geti ráðstafað landi með þessum hætti.

Af þessu leiðir að út fellur 2.málsliður: „Leigutaki skal tilkynna leigusala um framleigu lóðarleiguréttinda til lengri tíma en eins árs eða framsal lóðarleiguréttinda innan fjögurra vikna frá slíkum aðilaskiptum.“

#### **10. gr. Uppsögn leigusamnings.**

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

*Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum hans. Uppsagnarfrestur slíks samnings er eigi skemmri en tvö ár.*

*Leigutaki lóðar, sem fristundahús stendur á, öðlast rétt til að framlengja leigusamning hafi leigusali ekki sagt leigusamningi upp a.m.k. tveimur árum fyrir lok umsamins leigutíma. Uppsögn tímabundins samnings haggar ekki leigutíma hans.*

*Uppsögn leigusamnings skal vera skrifleg.*

#### Rök fyrir breytingunni

Felld er út fyrsta setning 2. mgr.: „Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila“ þar sem markmiðið er að leigusali verði að segja samningnum upp til að slíta réttarsambandinu. Óbreytt lítur 10. gr. út fyrir að vera með innbyggða mótsögn.

---

### SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

**12. gr. Skilmálar framlengds leigusamnings.**

Vakin er athygli á því að 4. mgr. þarf að umorða því breyting á lóðamörkum getur ekki farið fram nema með samþykki sveitarstjórnar sbr. 30. gr. skipulags og byggingarlaga, en þar segir: „Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóða-mörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.“ Ekki liggur alltaf fyrir deiliskipulag fyrir eldri fristundabyggðasvæði og þá þarf að taka erindi landeigenda um breytingar á lóða-mörkum fyrir í sveitarstjórn, væntanlega að undangenginni umfjöllun skipualgsnefndar. Ef deiliskipulag liggur fyrir þarf að breyta deiliskipulagi áður en hægt er að hrinda í framkvæmd breytingu á lóðamörkum.“

**13. gr. Innlausnarréttur.**

Ekki virðist gætt nægilegs meðalhófs í því að leigusali geti ekki krafist innlausnar fyrr en 10 árum frá einhliða framlengingu leigusamnings, sem í raun þýddi 12 ár. Mælst er til þess að þessi tími verði stytur.

**22. gr. Samráð sveitarstjórna og félags í fristundabyggð.**

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi:

*Félag í fristundabyggð getur óskað eftir því við hlutaðeigandi sveitarstjórn að haldinn verði árlega fundur með öllum félögum í fristundabyggðum sveitarfélagsins samtímis til að veita upplýsingar um sameiginleg hagsmunamál fristundabyggðarinnar og sveitarfélagsins.*

**Rök fyrir breytingunni**

Þannig háttar til í sumum sveitarfélögum að mörg félög sumarhúsaeigenda eru starfrækt og gæti það kallað á umtalsverðan aukakostnað sveitarstjórnar að halda marga samráðsfundi. Með breyttu orðalagi ætti ekki að misskiljast að um árlegan og einn fund með öllum félögum á viðkomandi svæði er að ræða.

**Athugasemdir um frumvarpið.** Í athugasemdum við lagafrumvarpið er upptalning á hverjir komu á fund starfshópsins. Þar er í engu getið að fulltrúar Skorradalshrepps og Hvalfjarðarsveitar sátu fund með hópnunum þann 1. febrúar 2007 þar sem meðfylgjandi minnispointar voru lagðir fram.

Skorradal, 6. mars 2008

f.h. Hreppsnefndar Skorradalshrepps

  
Davíð Pétursson, oddviti

Oddviti  
Skorradalshrepps

Meðfylgjandi með umsögn þessari:

Minnispointar frá 1. febrúar 2007 í tengslum við fund með starfshópi Félagsmálaráðuneytisins.

---

**SKORRADALSHREPPUR**

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

**Punktur vegna fundar fulltrúa samráðshóps um réttindi sumarhúsaeyganda og fulltrúa hreppsnefndar Skorrðalshrepps, 1. febrúar 2007**

1. Erfitt er að sjá að væntanlegt lagafrumvarp muni taka á því aðalvandamáli sem er sala bújarða til aðliða, sem síðan taka sig til og selja landið í smáeiningar á okurverði.

Í byrjun ætti að huga af því hvernig mætti hugsa sér að styrkja bújörðina áfram sem eina heild

Ásókn manna að kaupa upp jarðir hefur vaxið mikið og nú koma fram alltaf fleiri og fleiri tilfelli að jarðir eru síðan bútaðar niður. Þetta þýðir að þar sem bóndinn sér um sína frístundabyggð áður, er farin og sá sem tekin er við vill selja og losa sig við frístundabyggðina á sem hæsta verði og tekur ekkert tillit til leiguverðs á fyrri samningum.

.....

Dæmi hér í Skorradal: Dagverðarnes, Hvammur og Indriðastaðir.

Frístundabyggðin verður síðan forsjárlaus í kerfinu. Hérna er myndlíking á breytingunni.

Líkja mætti eigandum sem leigði allt frístundahverfi sitt á bújörðinni út, við sveitarfélag sem hugsar um íbúa sína í þéttbýli (götur, snjómokstur, girðingar o.fl.)

Ef jörðin yrði síðan seld og nýr aðliði tæki við, sem hefði það að leiðarljósi að selja lóðirnar eignasölu. Þá er kominn upp sú staða, engin hugsaði um hverfið og þar af leiðandi sameiginlega hagsmuni. Svæðið verður án umsjónar, því það er ekki á ábyrgð sveitarfélagsins að þjónusta það, eins og jarðareigandi gerir, þar sem leigulóðir eru.

Ástæður, það virðist vera orðin venja að þurfa alltaf að taka svæði fyrir frístundabyggðir úr landbúnaðarnotum. Er ekki frekar að skilgreina frístundabyggð sem aukabúgrein. Það þýddi að sá sem byggði jörð með frístundabyggð eða keypti þannig jörð gæti ekki bútað hana niður í lóðir sem seldar yrðu. Hann væri í raun að kaupa ákveðin atvinnurekstur. Sveitarfélög hefði þá sterkara vald á hendi sér hvort það yrði leyft að búta niður jarðir, sbr. jarðalög. Það myndi tryggja réttindi frístundaeiganda, en núna flæða yfir kröfur um, að lóðarleigendur verði að kaupa lóðirnar eða fara ella, séu samningar að renna út. Ef ekki er hægt að bola þeim burt eða láta þá kaupa, þá er leigan hækkuð um allt að því fimmfalt – 40.000 kr. Verður 200.000 kr. á ári.

Bygðasjónarmið- Ath. með kvöð, um að sá sem kaupir bújörð verði að tryggja fasta búsetu á jörðinni. Jörð með frístundabyggð má aldrei rýra svo með lóðasölu, að lóðarleigjan geti ekki tryggt fjárhagsafkomu þess, sem fasta búsetu hefur á jörðinni. Með því að skilgreina frístundabyggð sem búgrein

---

**SKORRADALSHREPPUR**

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)

myndi það styrkja skipulagsvald sveitarfélaganna við að stjórna hvernig frístundabyggðin þróast. Sveitarstjórn myndi geta sagt nei við niðurbútn jarðanna, eða allavega haft eitthvað um það að segja. Þetta gæti styrkt hagsmuni þá sem eru frístundaeigendur.

2. Í drögunum er gert ráð ákveðinni reglu varðandi samningsgerð við kaup eða leigu á landi. Hver á að fylgjast með því? Hvað á gera ef ekki farið eftir þessu? Þarf ekki þá skoða lög um þinglýsingar frá 1978 og bæta þessu þar inn.
  
3. Samráðsnefndir 15 gr.  
Hreppsnefnd Skorradalshrepps hefur s.l. 6-8 ár haldið einn fund á ári með formönnum sumarbústaðafélaganna í Skorradal. Fundir þessir hafa verið mjög gagnlegir. Formennirnir hafa fengið að sjá reikninga yfir sorphirðu, þar sem kemur í ljós að hreppurinn greiðir nokkur hundruð þúsund með þeim málaflokki, en oft hefur komið upp það sjónarmið, að innheimt sé mun meira en sem kostnaði nemur. Á aðalfundum hafa svo formennirnir geta leiðrétt þau sjónarmið. Það sama á við rotþróarhreinsun. Snjómokstur hefur verið þannig, að hreppurinn hefur kostað hann um hátíðir ef þurfa þykir, án þátttöku sumarhúsaeiganda. Ef þurft hefur að opna inn í hverfin, þá er það einungis gert samkvæmt beiðni formanni viðkomandi sumarbústaðafélags. Þessi samskipti eiga að vera frjáls, en ekki bindast í lögum.  
Til stendur að sett verði inn grein í frístundakafli aðalskipulagstillögu fyrir Skorradalshrepp að árlega skal halda fund með formönnum sumarhúsafélaga í Skorradal.  
  
Ef á lögbinda samráð sbr. 15 gr. Við þennan hagsmunahóp, hvað þá með hverfasamtök í borgum og í bæjum, bændur á ákveðnu svæði o.s.frv. Jafnræðisregla stjórnarskrár.
  
4. Réttindi litlu landspildanna sem hafa verið seldar eignasölu. T.d. er hægt að tengja þær inn í jarðalög, þ.e.a.s. gilda þá jarðalög um þær. Landamerki þeirra! Réttur um félagafrelsi! Aðgangur og réttindi við skipulagsyfirvöld. Hver er munur á réttindum þess sem á 1,5 ha. frístundalóð að óska eftir því við skipulagsyfirvöld að fá að breyta sínu landi í íbúðarhúsalóð eða þann sem á bújörðina og vill breyta skipulagi hjá sér á 10 ha. landsspildu. Þarna gæti komið jafnræðisregla stjórnarskrár. Nefna mætti dæmi varðandi kynningar á aðalskipulagstillögum að er talað um í skipulagsreglugerð að boða landeigendur á kynningarfund.
  
5. Landnúmer, er þar hægt að finna lausn! Er kerfið gallað! Þar er ákveðin vandamál uppi hvernig jarðir bústast niður, án þess að það gefi rétta mynd af hlutunum. Dæmi héðan úr Skorradal. Setja þurfti upp hitaveitudæluskur í landi einnar jarðar. Afmarka þurfti 40 fm lóð, og síðan hún skilgreint sem leigulóð. Fékk síðan glænýtt landnúmer og þannig dottin úr tengslum við

---

## SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)



bújörðina. Jarðaeigandi er sami að lóðinni og bújörðinni en þarna samt komin alveg séreining í öllum kerfum. Hefði ekki mátt vera með þannig kerfi að með leigulóðir fylgdi aðaljörðinni, t.d. landnúmerið hefði verið sex stafa tala en síðan kæmi bandstrik og þriggja eða fjögura stafa tala fyrir aftan. Þannig fylgdu leigulóðir jarðanúmerinu en ef leigulóðir væru seldar, þá fengu þær nýtt landnúmer. (Dæmi: landnúmer 123454 yrði 123454-0001 og fyrsta leigulóðin yrði 123454-0002).

6. Ath. með kvöð, um að sá sem kaupir bújörð verði að tryggja fasta búsetu á jörðinni. Jörð með frístundabyggð má aldrei rýra svo með lóðasölu, að lóðarleigjan geti ekki tryggt fjárhagsafkomu þess, sem fasta búsetu hefur á jörðinni.
7. *Vantar pólitíska stefnumörkun – þetta þyrfti að taka fyrir í umræðu á Alþingi:*
  - (a) Er ákjósanlegt eða ekki að búa bújarðir niður í lóðir og selja lóðimar síðan undan bújörðinni?
  - (b) Væri æskilegt að skilgreina frístundabyggð sem búgein, tilheyrði þá viðkomandi bújörð, svipað og gert er með skógrækt sem stunduð er hjá bændum/landeigendum?

Að endingu:

Á að setja lög sem banna að bújarðir séu bútaðar niður?

Þora menn það?

Væntanlega ekki - það er hefð fyrir því að eignarrétturinn skv stjórnarskrá sé túlkaður svo "helgur"

Spurning um landbúnaðarnot í jarðalögum!

Samsetningur á lagadrögum miðar við það að menn þori ekki að taka á þessu vegna pólitísku hrolls...

Pétur Davíðsson, hreppsnefnd Skorradalshrepps

---

## SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal

311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155

Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)